

10. júlí 2018

Skuldastaða og greiðslubyrði fjölskyldna 2015–2018

Family debt and loan payments 2015–2018

Samantekt

Rúmlega helmingur fjölskyldna hefur lága greiðslubyrði, eða undir 10% af ráðstöfunartekjum. Í þeim hópi eru meðal annars þeir sem eiga skuldlausu fasteign og þeir sem eiga ekki fasteign. Um 60% fjölskyldna með greiðslubyrði undir 10% af ráðstöfunartekjum eiga ekki fasteign. Fjölskyldum með lága greiðslubyrði fjölgaði hlutfallslega á tímabilinu 2015–2018. Tæplega 7% fjölskyldna voru með greiðslubyrði af ráðstöfunartekjum yfir 60% árið 2015 og hefur farið hlutfallslega fækkandi fram til ársins 2018.

Greiðslubyrði skulda sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er einn mælikvarði á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og gefur til kynna hversu vel fjölskyldan er í stakk búin til að greiða af lánum. Hafa ber í huga að einungis er um að ræða greiðslubyrði skulda og því er ekki hægt að alhæfa almennt um kjör fjölskyldna út frá niðurstöðunum. Til að mynda getur fjölskylda á leigumarkaði skuldað lítið og af þeim sökum haft lága greiðslubyrði vegna skulda en tekjur aftur á móti ekki nægt fyrir leigu og öðrum framfærslukostnaði.

Þær niðurstöður sem hér er greint frá eru hluti af tölfræðiverkefni um skuldir heimilanna sem stjórnvöld fólu Hagstofunni. Upplýsingar ná til skulda og greiðslubyrði af skuldum reiknað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eftir aldri, fjölskyldugerð og tíundahlutum ráðstöfunartekna, eigna og eiginfjár. Ítarlegt talnaefni um skuldastöðu og greiðslubyrði vegna skulda árin 2015 til 2018 má finna á vef Hagstofunnar. Niðurstöður ársins 2018 eru bráðabirgðaniðurstöður.

Inngangur

Nýjar hagtölur um skuldastöðu og greiðslubyrði fjölskyldna

Hagstofan birtir nú upplýsingar um skuldastöðu og greiðslubyrði fjölskyldna árin 2015–2018 sem byggja á sérstakri gagnasöfnun frá lánastofnunum og fjármála-fyrirtækjum. Útgáfan er hluti af tölfræðiverkefni um skuldir heimilanna sem stjórnvöld fólu Hagstofunni. Hagstofan hefur þegar birt hagtölur um skuldir, eignir og eiginfjárstöðu einstaklinga byggt á árlegum gögnum úr skattframtölum einstaklinga sem hafa verið samræmd á milli ára. Þær upplýsingar ná aftur til ársins 1997 og eru birtar árlega haust hvert.

Birtingarmynd skuldavanda getur átt sér nokkrar rætur

Þær upplýsingar sem nú eru birtar á grundvelli nýrra gagna geta nýst til að greina skuldavanda fjölskyldna. Birtingarmynd þess vanda getur átt sér ýmsar rætur, svo sem háar skuldir, lágt eigið fé, háa greiðslubyrði og/eða lágar tekjur. Hafa þarf í huga að efnahagslegur vandi fjölskyldna einskorðast ekki við skuldir. Sem dæmi má taka fjölskyldu á leigumarkaði sem skuldar lítið en tekjur hrökkva skammt fyrir leigu eða annarri framfærslu. Í því tilviki segir skuldastaðan takmarkað um fjárhagslega stöðu viðkomandi.

Ítarlegra talnaefni um skuldastöðu og greiðslubyrði er á vef Hagstofunnar

Í þessu hagtíðindahefti er stuttlega gerð grein fyrir helstu niðurstöðum en ítarlegra talnaefni um skuldastöðu og greiðslubyrði árin 2015–2018 er að finna á vef Hagstofunnar. Skuldir og greiðslubyrði er reiknað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eftir aldri, fjölskyldugerð og tíundahlutum ráðstöfunartekna, eigna og eiginfjár. Niðurstöður ársins 2018 eru bráðabirgðaniðurstöður.

Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum


Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er einn mælikvarði á fjárhagsstöðu

Greiðslubyrði af skuldum sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er einn mælikvarði á skuldsetningu fjölskyldunnar, það er að segja hversu vel fjölskyldan er í stakk búin til að greiða af lánum. Ef greiðslubyrðin er lág ættu lánin ekki að vera íþyngjandi að því gefnu að viðkomandi sé ekki með önnur íþyngjandi útgjöld og ráðstöfunartekjur nægar. Hafi fjölskyldan háa greiðslubyrði má lítið út af bregða til að hún nái ekki endum saman enda þurfa tekjurnar jafnframt að standa undir lágmarksframfærslu. Sem dæmi má nefna að ekki er víst að fjölskylda með greiðslubyrði sem nemur 60% af ráðstöfunartekjum sínum nái lágmarksframfærslu séu ráðstöfunartekjurnar það lágar að 40% þeirra dugi ekki til framfærslu.

Rúmlega helmingur fjölskyldna hefur lága greiðslubyrði eða undir 10% af ráðstöfunartekjum árin 2015–2018, eins og sýnt er á mynd 1. Í þeim hópi eru meðal annars þeir sem eiga ekki fasteign (um 60%), til dæmis vegna aldurs eða fjárhagsstöðu, og þeir sem eiga fasteign skuldlaust. Fjölskyldum með lága greiðslubyrði fer hlutfallslega fjölgandi á tímabilinu sem um ræðir. Tæplega 7% fjölskyldna voru með greiðslubyrði af ráðstöfunartekjum yfir 60% árið 2015 og hefur þeim farið hlutfallslega fækkandi fram til ársins 2018.

Mynd 1. Greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum árin 2015–2018

Figure 1. Payment-to-income ratio in years 2015–2018




Hjón án barna líklegri til að vera með lága greiðslubyrði en hjón með börn

Með því að skoða greiðslubyrði eftir fjölskyldugerð fást ítarlegri upplýsingar. Nær 60% hjóna án barna eru með mjög lága greiðslubyrði, á bilinu 0 til 10% af ráðstöfunartekjum, en um þriðjungur hjóna með börn (sjá mynd 2). Ein ástæða fyrir því gæti verið sú að hjón með börn eru líklegri til að búa í stærra húsnæði. Í hópi barnlausra hjóna er meðal annars ungt fólk sem býr í ódýrara húsnæði og eins eldri hjón sem hafa greitt skuldir sínar.

Mynd 2. Greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum eftir fjölskyldugerð árið 2017

Figure 2. Payment-to-income ratio by family type in 2017




Skuldastaða sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er annar mælikvarði á fjárhagsstöðu hjóna. Skuldastaða sem hlutfall af tekjum er annar mælikvarði á fjárhagsstöðu

Skuldastaða sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er annar mælikvarði á skuldsetningu fjölskyldunnar og hvernig hún er í stakk búin til að greiða af lánum. Ef ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar eru til dæmis 1 milljón krónur á mánuði eða 12 milljónir króna á ári en skuldir 30 milljónir króna, þá er skuldastaðan 250%, það er að segja skuldir eru 250% af ráðstöfunartekjum fjölskyldunnar.

Sé skuldastaða sem hlutfall af tekjum skoðuð eftir fjölskyldugerð (sjá mynd 3) fyrir árið 2017 sést sama mynstur og áður. Algengast er að hjón án barna séu með skuldastöðu á bilinu 0 til 50% sem hlutfall af ráðstöfunartekjum en algengast er að hjón með börn hafi skuldastöðu sem nemur um 100 til 300% af þeirra ráðstöfunartekjum.

Mynd 3. Skuldastaða hjóna sem hlutfall af tekjum árið 2017

Figure 3. Couples debt-to-income ratio in 2017




Skuldastaða einstæðra karla og kvenna

Sé skuldastaða einstæðra karla borin saman við skuldastöðu einstæðra kvenna virðist munurinn vera lítill. Þó er örlítið algengara að einstæðar konur með börn séu með lægri skuldastöðu en einstæðir karlar með börn (sjá myndir 4 og 5).


Mynd 4. Skuldastaða einstæðra karla sem hlutfall af tekjum árið 2017

Figure 4. Single males debt-to-income ratio in 2017



Mynd 5. Skuldastaða einstæðra kvenna sem hlutfall af tekjum árið 2017

Figure 5. Single female debt-to-income ratio in 2017



Aldur


Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er almennt minnst í yngsta og elsta aldurshópnum

Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er almennt minnst í yngsta og elsta aldurshópnum en aldur fjölskyldu miðast við þann fjölskyldumeðlim sem er elstur. Fjölskyldur í yngsta aldurshópnum eru líklegastar til að hafa enn ekki keypt sitt fyrsta húsnæði en þær fjölskyldur sem eru í elsta aldurshópnum hafa mögulega greitt niður skuldir sínar. Hlutfall greiðslubyrði ætti að vera hæst skömmu eftir kaup fyrstu fasteignar eða við skipti í dýrari fasteign en minnkar svo smátt og smátt eftir því sem skuldir greiðast niður samhliða því að tekjur kunna að hækka með hækkandi aldri. Þetta mynstur sést vel á myndum 6 og 7 sem sýna þá aldurshópa sem hafa lægstu og hæstu greiðslubyrðina.

Í öllum aldurshópum fjölgar þeim sem hafa hlutfallslega lága greiðslubyrði og að sama skapi fækkar þeim sem hafa hana hæsta. Fjölgun þeirra sem hafa minnsta greiðslubyrði kann að skýrast af breytingum á húsnæðismarkaði, vaxandi hópi erlendra ríkisborgara á Íslandi, hækkandi aldri þjóðarinnar þar sem eldra fólk er flest með lægri skuldir eða aukinni ráðdeild landsmanna.


Mynd 6. Aldursdreifing fjölskyldna með greiðslubyrði undir 10% af tekjum árin 2015–2018

Figure 6. Age distribution of families with payment-to-income ratio below 10% in 2015–2018



Mynd 7. Aldursdreifing fjölskyldna með greiðslubyrði yfir 90% af tekjum árin 2015–2018

Figure 7 Age distribution of families with payment-to-income ratio over 90% in 2015–2018




Til að meta hvort um skammtíma- eða langtímaskuldir er að ræða er greiðslubyrði skipt upp í annars vegar greiðslubyrði til skamms tíma, sem til dæmis eru öll gjaldfallin lán og opinber gjöld sem greiða þarf upp á árinu, og hins vegar fastar greiðslur af langtímalánum, svo sem fasteignalánum og námslánum (LÍN). Þetta skiptir máli við mat á greiðslubyrði. Sé fjölskylda til dæmis með háa greiðslubyrði vegna vanskila getur endurfjármögnun eða greiðsla vanskila skilað fjölskyldunni hóflegri greiðslubyrði sé greiðslubyrðin af langtímalánum ekki mjög há. Með því að leysa greiðslubyrði til skamms tíma getur heildargreiðslubyrðin þannig orðið viðráðanleg. Meira þarf til fyrir fjölskyldu með of háa greiðslubyrði af langtímalánum sem hvorki getur lengt í lánum né selt eignir.

Af öllum fjölskyldum eru 4,5% með heildargreiðslubyrði af skuldum yfir 60% af ráðstöfunartekjum en hins vegar eru eingöngu 1,1% fjölskyldna með greiðslubyrði vegna fastra greiðslna yfir sömu mörkum. Greiðslubyrði til skamms tíma, svo sem vanskil og opinber gjöld, er ástæða þess að 3,4% af fjölskyldum eru yfir 60% mörkum þannig að 3/4 hlutar þeirra sem eiga við hátt hlutfall heildargreiðslubyrði eiga hugsanlega eingöngu í vandræðum til skamms tíma. Á mynd 8 má sjá hlutdeild aldurshópa sem hafa greiðslubyrði umfram 60% af ráðstöfunartekjum árið 2017. Sem fyrr er greiðslubyrði lægst hjá yngstu og elstu fjölskyldunum.

Mynd 8. Fjölskyldur eftir aldri með greiðslubyrði umfram 60% af tekjum eftir föstum greiðslum og heildargreiðslum árið 2017

Figure 8. Families with payment-to-income ratio over 60% by fixed and total payments in 2017




Tekjutíundir

Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fer vaxandi með auknum tekjum

Þar sem tekjuhæstu og tekjulægstu tíundum ráðstöfunartekna sleppir fer greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum vaxandi með auknum tekjum. Það kann að virka sem þversögn að skuldir vaxi hraðar en tekjur en skýringin á því gæti verið sú að þeir tekjulægri eru annars vegar ungt fólk sem getur búið í smærri húsnæði eða á ekki fasteign og hins vegar ellilífeyrisþegar sem greitt hafa niður skuldir sínar. Þessa athyglisverðu þróun má sjá á mynd 9.

Mynd 9. Greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum eftir tekjutíundum 2017

Figure 9. Payment-to-income ratio by income deciles in 2017




Eignatíundir

Þeir sem tilheyra fjórum fyrstu eignatíundunum árið 2017 eiga eignir að verðmæti allt að 6,7 milljónir króna. Þar sem fasteignir eru oftast verðmeiri en sem því nemur má gefa sér að fáir í þessum hópi eigi sitt eigið húsnæði. Því kemur það ekki á óvart að flestir sem tilheyra fjórum fyrstu eignatíundunum eru með greiðslubyrði undir 10% af ráðstöfunartekjum.

Á sama hátt má gefa sér að þeir sem tilheyra eignatíund 6 til 10, og eiga eignir frá 28,8 milljónum króna, eigi að öllum líkindum sitt eigið húsnæði (sjá mynd 10). Í þessum hópi eru fleiri með hærri greiðslubyrði eða sem nemur 10–20% af ráðstöfunartekjum. Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum húseiganda virðist síðan minnka eftir því sem eignir aukast. Skýringar á þessu kunna að vera að margt eldra fólk býr í dýrasta húsnæðinu og hefur haft tíma til greiða niður skuldir sínar auk þess sem greiðslubyrði ungs fólks er í hámarki við kaup á fyrstu fasteign enda er það oft á sama tíma nýlega komið á vinnumarkað.

Mynd 10. Greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum eftir eignatíundum 2017

Figure 10. Payment-to-income ratio by asset deciles in 2017




Hafa ber í huga að eignir miðast við framtaldar eignir (fasteignamat) og hlutabréf á nafnvirði. Þá er flest allt lausafé annað en bifreiðar, svo sem ýmiss konar innbú og búnaður tengdur frístundum, hvorki talið til eigna né eiginfjár.

Eiginfjártíundir

Þegar greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er skoðuð með tilliti til eiginfjárstöðu kemur í ljós áhugavert samband, samanber mynd 11 sem sýnir greiðslubyrði eftir eiginfjártíundum árið 2017. Þar má sjá að algengast er að greiðslubyrði sé undir 10% af ráðstöfunartekjum fyrir þá sem tilheyra eignatíund 3 og 4 en það eru fjölskyldur sem hafa eigið fé um núll og eru því fjölskyldur sem hvorki „eiga neitt né skulda neitt“. Þá fjölgar aftur í hópnum sem er með lága greiðslubyrði eftir því sem eigið fé eykst, samanber eiginfjártíund 7 til 10.

Mynd 11. Greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum eftir eiginfjártíundum árið 2017

Figure 11. Payment-to-income ratio by net wealth deciles in 2017



Gögn og aðferðir

Ný gagnasöfnun frá fjármálafyrirtækjum og lánastofnunum

Gögnum var safnað frá fjármálafyrirtækjum og lánastofnunum í þeim tilgangi að afla ítarlegra upplýsinga um lán í þeirra eigu, þar með talið skuldara þeirra. Til að tryggja framgang gagnasöfnunar var bráðabirgðaákvæði bætt við lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007. Í bráðabirgðaákvæðinu var meðal annars kveðið á um að tölfraeðiskýrslur skyldu taka til útistandandi lána allt fram til 31. desember 2017 og að Hagstofan skyldi eyða rekjanlegum gögnum í síðasta lagi þann 31. desember 2018.

Gagnasafnið auðgað með skatta- og mannfjöldagögnum

Gagnasöfnunin hefur ekki gengið sem skyldi og gögn hafa verið brotakennd. Til að greiða fyrir gagnasöfnun var komið til móts við gagnaveitendur og málamiðlanir fundnar hvað varðar tíðni skila, tímabil og fýsileika þess að skila einstaka breytum. Einungis þeir aðilar sem eiga mesta hlutdeild í lánveitingum til einstaklinga voru krafðir um gögn, þ.e. Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna, stærstu bankarnir og lífeyrissjóðir. Útlán þessara aðila voru rúmlega 90% af heildarútlánnum til einstaklinga árið 2017 samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Nýttar voru lýðfræðiupplýsingar úr mannfjöldagögnum og upplýsingar úr skattframtölum einstaklinga svo hægt væri að auðga gögn með bakgrunnsupplýsingum um tekjur, eignir, fjölskyldugerð og aldur. Jafnframt voru skuldaupplýsingar úr skattframtölum nýttar til að hámarka not af brotakenndum gögnum frá lánastofnunum. Niðurstöður ársins 2018 eru bráðabirgðaupplýsingar.

Ýrústru öryggiskröfur um meðferð gagna

Sem fyrr fór Hagstofan eftir ýrústru öryggiskröfum við alla meðferð gagna, gagnaflutning, auðgun gagna og úrvinnslu. Í því fólst meðal annars að persónuauðkenni voru dulkóðuð. Í töflu 1 má sjá ítarlegan breytulista úr gagnasöfnuninni. Hagstofan rekur formlegt stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001:2013.

Upplýsingar úr skattframtölum duga ekki til að reikna greiðslubyrði

Helsta áskorun við úrvinnslu niðurstaðna lýtur að greiðslubyrði en í þessum niðurstöðum er greiðslubyrði skilgreind sem sú upphæð sem lántakenda er skylt að greiða en ekki endilega það sem hann raunverulega greiðir. Í skattframtölum er að finna ýmsar upplýsingar um skuldir einstaklinga sem nægja ekki einar og sér til að reikna greiðslubyrði. Svokallaðar fasteignaskuldir innihalda upplýsingar um lántökudag, lánstíma og lánveitanda en ekki um upphæð vaxta, hvort lán séu verðtryggð eða í hvaða mynt lán kunni að vera. Þá eru í gögnum vanhöld á hvort ofangreindar upplýsingar hafi verið rétt fylltar út eða fylltar út yfir höfuð. Þó virðast skil fara batnandi með árunum. Í sömu gögnum er jafnframt að finna vaxtagreiðslur og afborganir af lánum en varasamt er að notast við þau gögn sem eiginlega greiðslubyrði af nokkrum ástæðum. Þær helstu eru:

- Talsvert hefur verið um endurfjármögnun lána. Ef að 20 milljón kr. lán er greitt upp og nýtt tekið annars staðar myndast 20 milljón króna uppgreiðsla sem þó kemur ekki úr vasa lántaka.
- Við kaup og sölu fasteigna eru ný lán gjarnan tekin og önnur greidd upp.
- Margir greiða aukalega inn á lán án þess um greiðsluskyldu sé að ræða.
- Nýting séreignarsparnaðar samkvæmt „leiðréttingunni“ veldur greiðslum inn á lán sem í flestum tilfellum eru umfram greiðsluskyldu.

Aðrar skuldir, eins og þær eru kallaðar í skattframtali, samanstanda af kreditkortaskuldum, námslánnum, bílalánnum og ýmsum opinberum skuldum á borð við þing- og sveitarsjóðsgjöld. Fyrir þessi lán eru einungis upplýsingar um eftirstöðvar og vaxtagjöld.

Af framansögðu er ljóst að ekki er hægt að meta greiðslubyrðina eingöngu út frá skattframtölum. Því voru bankar, lífeyrissjóðir og aðrir lánveitendur beðnir um ítarlegar upplýsingar um lánveitingar sínar. Ekki fengust upplýsingar frá öllum lánveitendum auk þess sem hluti lána eru veitt af einstaklingum. Í þessum tilfellum var notast við upplýsingar úr skattframtölum þegar því var við komið en í einhverjum tilvikum var nauðsynlegt að útiloka viðkomandi. Helstu ástæður fyrir útilokunum voru eftirfarandi:

- Einhver í fjölskyldunni var með áætlað skattframtal á árinu.
- Einhver í fjölskyldunni var í eigin atvinnurekstri.
- Fjölskyldan hafði engar ráðstöfunartekjur á árinu.
- Ef einhver í fjölskyldunni var búsettur erlendis stóran hluta ársins.
- Ef einhver í fjölskyldunni var með skráð stakt lán í sundurliðunarblaði RSK yfir aðrar skuldir, sem var yfir 100.000 kr. og ekki hjá kreditkortafyrirtækjum, gagnaveitendum eða opinberum aðilum.

Samtals veldur þessi grisjun því að 72% til 74% fjölskyldna mynda grunn fyrir þessar niðurstöður. Fjöldatölur í töflum skal því fyrst og fremst nota til að meta innbyrðisvægi hópa en ekki til að telja óleiðrétt fjölda fjölskyldna.

Skýringar og hugtök

Aldur Skipting í aldursbil ræðst af aldri fjölskyldu. Aldur fjölskyldu miðast við aldur þess sem er elstur í fjölskyldunni.

Fjölskyldugerð Hagstofan hefur einungis takmarkaðar upplýsingar um heimili landsins en hefur upplýsingar um fjölskyldur samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands. Þær upplýsingar eru notaðar til að nálgast heimilin með því að skilgreina eins konar fjölskylduheimili.

Í þessari útgáfu er viðfangsefnið fjárhagsstaða fjölskyldunnar og því eðlilegt að miða við að þeir sem alla jafna deila tekjum og skuldum tilheyri sömu fjölskyldu.

Upplýsingar um fjölskyldur byggja á þeim einstaklingum sem hafa sama fjölskyldunúmer samkvæmt þjóðskrá. Þar sem einstaklingur fær sitt eigið fjölskyldunúmer við 18 ára aldur telst hann þá til sérstakrar fjölskyldueiningar jafnvel þótt hann búi enn í foreldrahúsum. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru því hjón með 18 ára unglings á heimilinu tvær fjölskyldueiningar sem kann að skjóta skökku við.

Hér er fjölskylda einstaklingar sem búa saman og deila fjölskyldunúmeri auk þess sem einstaklingar á aldrinum 18 til 24 ára sem búa á sama heimili og þeir gerðu fyrir 18 ára aldur halda fyrra fjölskyldunúmeri.

Hjón og sambýlisfólk eru skilgreind samkvæmt þjóðskrá.

Ráðstöfunartekjur Ráðstöfunartekjur eru skilgreindar sem þær heildartekjur sem einstaklingur hefur til ráðstöfunar þegar búið er að taka tillit til skatta og greiðslna í lífeyrissjóð. Með heildartekjum er átt við allar þær tekjur sem gefnar eru upp á skattframtali, það er að segja atvinnutekjur, fjármagnstekjur og ýmsar aðrar tekjur á borð við lífeyrisgreiðslur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vaxta- og barnabætur. Skattar og bætur reiknast á greiðslugrunni, það er að segja, miðast við það ár sem þeir eru greiddir. Ráðstöfunartekjur fyrir árið 2018 byggja á ráðstöfunartekjum í skattframtali 2017 uppreiknaðar miðað við launavísitölu frá júní 2017 til maí 2018.

Eignir Eignir eru teknar úr skattframtölum. Hafa ber í huga að eingöngu framtaldar eignir og hlutabréf á nafnvirði eru talin fram. Þannig er mest allt lausafé annað en bifreiðar, svo sem ýmiss konar innbú og búnaður tengdur frístundum hvorki talinn til eigna né eigin fjár. Þá geta ýmsar lánveitingar og kröfur framteljanda til annarra en fjármálastofnana verið vantaldar. Vantalning eigna veldur því að mörk eignatíunda og eiginfjártíunda eru líklegast lægri en efni standa til.

Skuldir Skuldir eru teknar úr skattframtölum og ná til allra skulda sem taldar eru fram til skatts, þar með taldar opinberar skuldir. Ef einhver í fjölskyldunni var með skráð stakt lán í sundurliðunarblaði RSK yfir aðrar skuldir sem var yfir 100.000 kr. og ekki hjá kreditkortafyrirtækjum, gagnaveitendum eða opinberum aðilum var sú fjölskylda útilokuð úr safninu.

Hafa ber í huga að þar eru eingöngu forskráðar skuldir frá fjármálastofnunum auk annarra skulda sem framteljandi sjálfur tíni til, en oft verður misbrestur á. Vísendingar eru um að langstærstur hluti svokallaðra smálána sé ekki talinn fram sem og aðrar óreglulegar skuldir. Vegna óhagkvæmni smálána má álykta að smálán leggist helst á einstaklinga sem þegar eru í greiðsluvanda, og því ekki ólíklegt að vantaling skulda fegri hlutföll skulda af ráðstöfunartekjum mest hjá þeim sem í

verstu stöðunni eru. En annars veldur vantaling skulda því að mörk eiginfjártlúnda eru líklegast hærri en efni standa til.

Greiðslubyrði Greiðslubyrði er reiknuð út frá stöðu láns í upphafi árs, þeim vöxtum sem lánið ber, tegund greiðsluferils, til dæmis jafngreiðslulán eða lán með jöfnum afborgunum. Ef upplýsingar um lánið koma ekki frá gagnaveitendum er notast við meðalútlánavexti lífeyrissjóðanna á viðkomandi tímabili, og gert ráð fyrir jafngreiðslulánum fyrir önnur fasteignalán tekin af sundurliðunarblaði fasteignaskulda í skattframtali.

Ekki er tekið tillit til greiðslubyrði af kreditkortaskuldum um áramót, þar sem þær eru í eðli sínu að jafnaði tengd mánaðarlegri neyslu. Ekki var heldur reiknuð greiðslubyrði af yfirdráttarlánum eða víxlum en ársvextir þessara sömu lána eru með í útreikningum. Þá var ekki reiknuð greiðslubyrði af kúlulánum þar sem gert var ráð fyrir að slík lán væru hvort sem er endurfjármögnuð með nýjum lánum eða fyrirframákveðinni eignasölu. Hafi ofangreind lán hins vegar verið komin í vanskil telst heildaruppgreiðsla þeirra hins vegar til skammtímagreiðslubyrði. Allar þessar skuldir teljast hins vegar til skulda í þessari útgáfu þó svo að uppgreiðsla þeirra sé ekki talin til greiðslubyrði.

Greiðslubyrði er skipt í tvennt, annars vegar í fasta greiðslubyrði, sem er afborgun og vextir af langtímalánum, og hins vegar greiðslubyrði til skamms tíma sem er uppgreiðsla af skammtímaskuldum svo sem vanskilum og opinberum gjöldum. Saman mynda þær heildargreiðslubyrði.

Skilgreining á greiðslubyrði er ekki hafin yfir gagnrýni en vandasamt reyndist að finna skilgreiningu sem væri viðtekin hér á landi. Því var farin sú leið að horfa til almennra skilgreininga en taka mið af eiginleikum fyrirliggjandi gagna.

Gera má ráð fyrir að greiðslubyrði sé vanmetin hjá öðrum lánveitendum en gagnaveitendum, sérstaklega greiðslubyrði til skamms tíma, þar sem engar upplýsingar um vanskil er að finna í skattframtölum. Á það til dæmis við um lán frá smærri bankastofnunum, svo sem sparissjóðum og öðrum smærri lífeyrissjóðum.

Tekjutíundir Fjölskyldum er raðað í hækkandi röð eftir ráðstöfunartekjum og skipt í tíu jafnstóra hópa. Þær fjölskyldur sem tilheyra fyrstu tekjutíundinni hafa lægstar tekjur og fjölskyldur sem tilheyra efstu tekjutíundinni hæstar.

Eignatíundir Fjölskyldum er raðað í hækkandi röð eftir eignum og skipt í tíu jafnstóra hópa.

Eiginfjártlúndir Fjölskyldum er raðað í hækkandi röð eftir eigin fé, það er að segja eignum að framtöldum skuldum, og skipt í tíu jafnstóra hópa.

English summary

Just over half of families have a low payment-to-income ratio or less than 10%. Included are those who have mortgage free real estates and those who do not own a real estate. The number of families with a low payment-to-income ratio increased in the given time-period. A little less than 7% of families had a payment-to-income ratio over 60% in 2015, their numbers decreasing proportionally from 2015 to 2018.

Payment to disposable income ratio is one measure of the financial status of families and indicates how well the family is prepared to repay their loans. It must be noted that only payments of debts are included and therefore it is not possible to generalize the financial status of families from these findings. For example a family on the lease market can have low debts and therefore a low payment-to income ratio resulting from debts but their income might not cover lease and other cost of living.

The results published here are part of a statistical project on household debts entrusted to Statistics Iceland by the authorities. Detailed statistics on the debt-to-income ratio and payment-to income ratio in 2015–2018 by age, type of family, disposable income deciles, assets and net wealth can be found on the Statistics Iceland web. In addition, the main results and methods are outlined in the Statistical Series. Results for 2018 are preliminary results.

Tafla 1. Yfirlit yfir breytur í gagnasafni frá fjármálafyrirtækjum og lánastofnunum

Table 1. Overview of the variables in the collected data

Breyta Variables	Skýringar Notes
Gagnasendandi <i>Id of the data provider</i>	Auðkenni gagnasendanda.
Lánveitandi <i>Id of the loaner</i>	Auðkenni lánveitenda.
Keyrsludagur <i>Date of data output</i>	Dagur sem gögn eru tekin úr kerfum.
Stöðudagsetning <i>Date of the data</i>	Sá dagur sem staða lána á við um. Síðasti uppgjörsdagur mánaðarins.
Lán Loan	
Yfirlánsnúmer <i>ID of the master loan</i>	Lánsnúmer. Ef fleiri en einn leggur er á láni þarf að vera eitt og sama yfirlánsnúmer á þeim öllum og mismunandi lánsnúmer á hverjum legg.
Lánsnúmer <i>ID of the loan</i>	Lánsnúmer. Auðkenni leggs hjá viðkomandi fjármálastofnun. Ef aðeins er einn leggur á láni þá sama númer og yfirlánsnúmer.
Auðkenni lántaka <i>Id of the loaner</i>	Kennitala dulkóðuð með lykli fjármálastofnunar.
Lán til íbúðarkaupa* <i>Mortgage*</i>	Segir til um hvort lán sé vegna íbúðarkaupa.
Forsendur Premise	
Greiðslueiginleikar láns <i>Payment attribution of the loan</i>	Greiðslueiginleikar láns. Jafngreiðslulán, kúlulán, vaxtalán o.s.frv.
Mynt <i>Currency</i>	Mynt láns. Þriggja stafa kóði myntar miðað við ISO-4217
Tegund láns <i>Type of loan</i>	Verðtryggt, óverðtryggt, gengislán, blandað eða annað.
Lánsform <i>Form of Loan</i>	Skuldabréf, víxill o.s.frv.
Útgáfudagur <i>Date of issue</i>	Útgáfudagur láns eða leggs.
Fjöldi afborgana <i>Number of payments</i>	Heildarfjöldi afborgana láns eða leggs.
Áfallnir vextir <i>Accrued interest</i>	Áfallnir vextir.
Áfallnar ógreiddar verðbætur <i>Accrued unpaid indexation</i>	Áfallnar verðbætur.
Síðasti gjalddagi <i>Last due date</i>	Síðasti gjalddagi.
Lokagjalddagi <i>Final due date</i>	Lokagjalddagi.
Fjöldi vaxtagjalddaga <i>Number of interest due dates</i>	Fjöldi vaxtagjalddaga.
Ástand bréfs* <i>Status of the loan</i>	Óbreytt, uppgreitt, skilmálabreytt eða annað.
Greiðslufjöldi eftir <i>Payments left</i>	Fjöldi greiðslna ólokið af láni.
Mánuðir milli gjalddaga <i>Months between due dates</i>	Fjöldi mánaða milli gjalddaga.
Vaxtakjör Interest rates and terms	
Vaxtaskilmálar* <i>Payment terms*</i>	Vaxtategund láns. Fastir eða breytilegir vextir.
Vaxtaþrósentu <i>Interest rates</i>	Vextir láns.
Grunnvextir* <i>Prime rate*</i>	Grunnvextir.
Álag* <i>Interest margin*</i>	Vaxtaálag.
Reikniregla vaxta* <i>Rule for interest calculation*</i>	Reikniregla sem notuð er við vaxtaútreikning.
Mánuðir í vaxtatímabili <i>Instalment of interest period</i>	Fjöldi mánaða í vaxtatímabili.
Fyrsti vaxtadagur* <i>First day of interest calculation*</i>	Fyrsti vaxtadagur.
Vaxtafótur* <i>Terms of interest*</i>	Vaxtafótur sem notaður er.
Lánsupphæð og eftirstöðvar Terms and conditions	
Upphaflegt nafnverð* <i>Original nominal value of the loan*</i>	Upphafleg fjárhæð láns eða leggs. Ætlast er til að upphaflegu nafnverði sé skilað fyrir lán sem hafa lánsformin AS, SI og VX.
Bókfærð staða* <i>Booked value of the loan*</i>	Bókfærð staða láns eða leggs.
Nafnverð eftirstöðva <i>Nominal value of the loan after last payment</i>	Eftirstöðvar án verðbóta eftir greiðslu.
Eftirstöðvar <i>Value of the loan after last payment</i>	Eftirstöðvar með verðbótum eftir greiðslu.
Greiðslustaða <i>Payment status</i>	Greiðslustaða.
Vanskil Delinquency	
Dagafjöldi vanskilum <i>Number of days in delinquency</i>	Dagafjöldi í vanskilum. Fjöldi daga frá gjalddaga.
Fjárhæð vanskila <i>Amount of delinquency</i>	Fjárhæð vanskila (afborgun án vanskilakostnaðar)
Niðurfærsla* <i>Amount of the reduction of loan*</i>	Það sem hefur verið niðurfært, upphæð
Varúðarniðurfærsla* <i>Amount of the pre-reduction of loan*</i>	Það sem hefur verið fært til varúðarniðurfærslu af láninu, upphæð.

Tafla 1. Yfirlit yfir breytur í gagnasafni frá fjármálafyrirtækjum og lánastofnunum (frh.)
 Table 1. Overview of the variables in the collected data (cont.)

Breyta Variables	Skýringar Notes
Endurskipulagning Settlement	
Tegund úrræðis* <i>Type of settlements*</i>	Greiðslujöfnun, frestun afborgana, lenging lánstíma o.s.frv.
Úrræðadagsetning* <i>Date when loan was readjusted*</i>	Dagsetning sem lán eða leggur för í úrræði.
Síðasti gjalddagi jöfnunar* <i>Last date of settlement*</i>	Síðasti gjalddagi úrræðis/greiðslujöfnunar.
Staða jöfnunar* <i>Status of the settlement*</i>	Staða úrræðis/greiðslujöfnunar.
Áfallnir vextir jöfnunar* <i>Accrued interest of the settlement*</i>	Áfallnir vextir úrræðis/greiðslujöfnunar.
Áfallnar verðbætur jöfnunar* <i>Accrued indexation of the settlement*</i>	Áfallnar verðbætur úrræðis/greiðslujöfnunar.
Frestun bókuð* <i>Suspension of loans*</i>	Frestun bókuð.
Staða höfuðstóls jöfnunar* <i>Principal of the settlement*</i>	Höfuðstóll úrræðis/greiðslujöfnunar.
Veð Mortgage	
Tegund tryggingar* <i>Type of collateral*</i>	Tegund veðtryggingar
Veðréttur* <i>Priority of the mortgage*</i>	Veðréttur. Forgangur veðréttar.
Verðmæti veðs við útgáfu* <i>Price of the mortgage when loan published*</i>	Verðmæti veðs við útgáfu skuldabréfs.
Verðmæti veðs á stöðudagsetningu* <i>Price of the mortgage if loan re-published*</i>	Verðmæti veðs á stöðudagsetningu (ef nýtt mat liggur fyrir).
Fasteignamat* <i>Real estate value*</i>	Fasteignamat.
Vísitala Index	
Tegund vísitölu <i>Type of index for indexation</i>	Vísitala neysluverðs, greiðslujöfnunarvísitala o.s.frv.
Grunnvísitala <i>Base index</i>	Gildi vísitölu þegar lán var útgefið.
Grunnvísitala greiðslujöfnuðar* <i>Base index for payment adjustment*</i>	Grunnvísitala greiðslujöfnuðar.
Vísitölustig* <i>Index points*</i>	Vísitölustig
Vísitala gjalddaga* <i>Index of Payments*</i>	Vísitala gjalddaga.

* Valkvæðar breytur. *Optional variables.*

Hagtíðindi **Lífskjör**
Statistical Series **Quality of life**

103. árg. • 18. tbl.

ISSN 1670-4770

10. júlí 2018

Umsjón *Supervision* Hildur Erna Sigurðardóttir • hildur.sigurdardottir@hagstofa.is

Haukur Eggertsson • haukur.eggertsson@hagstofa.

www.hagstofa.is • www.statice.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.